

49. Aðalfundur Byggingafræðingafélags Íslands

Haldinn 27. apríl 2017 kl. 18:00, haldinn á Sólon í Bankastræti.

1. Fundur settur

Fundarboð var sent rafrænt eins og fram kom á síðasta aðalfundi.

Farið yfir dagskrá.

2. Kosning fundarstjóra og skipun fundarritara

Rúnar Ingi Guðjónsson er kosinn fundarstjóri.

Sigurður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri BFÍ er kosinn fundarstjóri.

Engin andmæli.

3. Ávarp formanns og skýrsla stjórnar

Brynjar Einarsson formaður BFÍ hélt stutta framsögu og flutti skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar 27.apríl 2017:

Ágætu félagar

Stjórn félagsins hefur verið að hittast fyrsta þriðjudag hvers mánaðar, eins og verið hefur síðustu ár eða samt með nokkrum frávikum. Haldnir hafa verið 8 formlegir fundir á starfsárinu.

Lena M. Aradóttir hefur hætt sem framkvæmdastjóri BFÍ, þakkar stjórn Lenu fyrir gott starf. Að sama skapi biður stjórn BFÍ Sigurð H. Ólafsson velkominn til starfa sem framkvæmdastjóri.

Á síðastliðnu starfsári sóttu 13 byggingafræðingar um löggildingu á starfsheiti og voru allar umsóknir samþykktar. Okkur heldur áfram að fjölga.

Kjarakönnun var gerð síðastliðið vor og kynnt á síðasta aðalfundi. Höfum við gert kjarakönnun nú annaðhvort ár og var samþykkt innan stjórnar að svo yrði gert áfram. Umræður hafa orðið um hvort þurfi að gera kjarakönnun oftar.

Rétt er að minna félagsmenn á BFÍ síðuna á Facebook, er þar góður grundvöllur til samskipta. Rétt er þó að minna á að þetta er opin síða og eru félagsmenn minntir á virðingu okkar á milli.

Fulltrúar stjórnar fóru á Byggingarráðstefnu norðurlandanna (Nordisk byggsymposium) í byrjun september og var ráðstefnan haldin í Stokkhólmi. Ráðgert er að halda áfram þessu samstarfi og munu fulltrúar BFÍ fara á næstu ráðstefnu sem haldin verður í byrjun septembermánaðar.

BFÍ hefur verið að verðlauna einn nemanda á lokaönn í HR, er þetta ánægjulegt og góð áminning á félagið fyrir útskriftarnemendur.

Stjórn stóð fyrir haustfagnaði og var mæting góð. KK spilaði fyrir gesti á Pedersen svítunni og hlaut góðan hljóm.

Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningarblöð, í vinnsluferli eru þau send út til umsagnar og koma inn á vef MVS. Hefur stjórn BFÍ af og til bent á þetta á Facebook vef félagsins. Hafa af og til komið athugasemdir frá félagsmönnum, hvetur stjórn BFÍ félagsmenn að senda athugasemdir ef eru.

Þakkar stjórnin fyrir sig.

4. Reikningsskil

Rúnar Ingi Guðjónsson gjaldkeri skilaði af sér skýrslu gjaldkera og fór stuttlega yfir rekstur félagsins og helstu áherslupætti við hagræðingu í rekstrinum. Þar kom m.a. fram að töluverður árangur var á rekstrarárinu, úr tapi uppá um 1.300.000 niður í um 300.000.

Skýrsla gjaldkera BFÍ fyrir árið 2016.

Rekstur ársins 2016 gekk eins og áætlað var. Félagið samdi við Lenu M. Aradóttur um að taka að sér stöðu framkvæmdastjóra, en tók um leið til í rekstrinum, þá sérstaklega húsnæðiskostnaðinn sem lækkaði strax árið 2015 í 120 þúsund krónur úr 346 þúsund krónum árið 2012.

Einnig var tekið til hendinni í lögfræðikostnaði, með því að útbúa staðalað bréf sem stjórn BFÍ sendir út vegna atvinnuauglýsinga sem okkur finnst vera brotið á réttindum byggingafræðinga með að nefna okkur ekki á nafn, þrátt fyrir að starfgslýsing eigi fullkomlega við okkar þekkingu.

Fréttabréf og fundarboð hafa einnig verið færð yfir á rafrænt form, þannig að kostnaður er orðinn engin þar.

Við erum að sjá aukningu í greiðslu félagsgjalda, sem voru hækkuð á síðasta aðalfundi úr 1x 10.000 í 2x 7.500.

BFÍ þarf á því að halda að fjölga virkum félagsmönnum (greiðendum félagsgjalda) til að geta haldið úti framkvæmdastjóra og gert kjarakönnun á tveggja ára fresti.

Tap er á rekstrinum, annað árið í röð um 385.752. Ástæðan er sérstaklega vegna aukinna umsvifa BFÍ (kjarakönnun og framkvæmdastjóra).

Greidd félagsgjöld hafa verið að aukast síðastliðin ár, en betur má ef duga skal, svo við séum ekki að ganga um of á sjóði félagsins, sem var um síðustu áramót 2.079.907. Það er lækun frá síðasta ári, úr 2.465.769.

Félagsgjöld 2016, kr. 2.302.500

Félagsgjöld 2015, kr. 1.794.000

Félagsgjöld 2014, kr. 1.640.000

Félagsgjöld 2013, kr. 1.480.500

Félagsgjöld 2012, kr. 1.420.000

Félagsgjöld 2011, kr. 1.380.000

Félagsgjöld 2010, kr. 1.310.000

5. Önnur mál og umræður

Erlent samstarf. Umræður nm tilgang og árangur erlends samstarfs. Fram kom af hálfu stjórnar (Rúnar og Aron) að nauðsynlegt væri að hafa ákveðið bakland í Skandinavíu og Evrópu til að verja hagsmuni og ekki sýst réttindi byggingafræðinga sem starfsstétt.

Menntunarmál. Rætt um að leiðbeina byggingafræðingum meira inn á framhaldsmenntun, s.s. meistaranám hverskonar.

6. Kjör nýrrar félagsstjórnar og endurskoðenda

Fráfarandi stjórn:

Formaður: Brynjar Einarsson

Varaformaður: Stefán Þór Steindórsson

Gjaldkeri: Rúnar Ingi Guðjónsson

Meðstjórnendur: Sverrir Hermann Pálmarsson og Aron Leví Beck.

Varamenn: Birkir Kúld og Stefanía Helga Pálmarsdóttir.

Tengiliður í DK: Sigurður Ólafsson

Fulltrúi í Byggingastaðlaráði: Stefán Þór Steindórsson (Rúnar Ingi Guðjónsson til vara)

Framkvæmdastjóri (og ritari): Lena Margrét Aradóttir. Sigurður H. Ólafsson frá 13. mars 2017.

Ný stjórn sem hlotið hefur samþykki með kosningu:

Formaður: Brynjar Einarsson

Aðrir stjórnarmeðlimir: Rúnar Ingi Guðjónsson, Stefanía Helga Pálmarsdóttir, Stefán Þór Steindórsson og Aron Leví Beck

Varamenn: Birkir Kúld og Svanur Þór Brandsson.

Tengiliður í DK: Sigurður Ólafsson

Framkvæmdastjóri: Sigurður H. Ólafsson

Endurskoðendur: Hjálmar Örn Guðmarsson og Reynir Kristjánsson. Harpa Cilia Ingólfssdóttir til vara.

7. Ákvörðun félagsgjalda

Umræður um hvort hækka eigi félagskvöld. Félagsgjöld eru nú 2 x 7.500 á ári.

Lágt hlutfall félagsmanna greiða félagsgjöld. Lagt til að reyna freka að höfða til félagsmanna að greiða gjöldin fremu en að hækka gjaldið. Ákveðið að hafa óbreytt félagsgjöld.

8. Farið yfir niðurstöður fundar

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu fundar og fundargerð.

9. Fundarslit

Fundarstjóri sleit fundi um kl. 18:30 og bauð fundarmönnum að gæða sér á veitingum í boði félagsins.